

Fyrirspurn

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um rannsóknir og
vöktunarverkefni sem varða urriða í Efra-Sogi.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvenær hóf Landsvirkjun að láta vatn úr Þingvallavatni renna um farveg Efra-Sogs? Hve mikið vatn rennur þar að staðaldri annars vegar og hins vegar þegar mest er? Eru árstíðasveiflur á rennslinu og ef svo er, hvernig eru þær? Hve stór hluti rennslisins er að jafnaði yfirfall og hversu mikið má áætla að renni um botnlokur? Hvenær urðu báðar botnlokur virkar? Hversu hátt hlutfall vatns fer nú að jafnaði um Efra-Sog miðað við rennslíð fyrir gerð Steingrímsvirkjunar?
2. Hverjar eru niðurstöður rannsókna og vöktunarverkefna Landsvirkjunar eða annarra sem varða urriða í Efra-Sogi eftir að rennslí var veitt um farveginn? Tekur t.d. Landsvirkjun þátt í merkingu urriða til að kanna hvort stórrurriði úr Þingvallavatni gengur niður í ána? Er til gróft mat á því hversu mikill fjöldi urriða hefur gengið til hrygningar í ána síðustu ár og hvort fjöldi þeirra fer vaxandi? Hvaða upplýsingar liggja fyrir um hrygningu í Útfallinu? Hversu stór urriði kemst undir botnlokur stíflunnar? Kemst urriði sem gengur undir lokur niður í Efra-Sog aftur upp í Þingvallavatn að lokinni hrygningu og ef ekki, hvaða upplýsingar liggja fyrir um afdrif hans? Eru þess dæmi að urriði laskist, til dæmis á tálknbördum, við að troða sér undir botnlokur? Gefa rannsóknir til kynna að urriði gangi úr Þingvallavatni niður í Úlfjótsvatn?
3. Hvaða rannsóknir eða vöktunarverkefni hefur Landsvirkjun, eða aðrir, unnið sem varða þróun lífríkis í Efra-Sogi eftir að vatn var fellt um farveg þess að staðaldri? Hvað gefur vöktunin til kynna um þróun smádýralífs, svo sem bitmýs? Hverjar eru í stuttu máli helstu ályktanir sem draga má af þessum athugunum um Efra-Sog sem búsvæði og uppeldisstöð urriðaseiða miðað við núverandi rennslisstöðu?
4. Á Landsvirkjun veiðirétt í Efra-Sogi og Útfallinu? Ef svo er, hvaða reglur gilda fyrir veiðina? Hversu mikil brögð eru talin að ólöglegum veiðum á urriða í Efra-Sogi? Hver hefur eftirlit með veiðunum?
5. Hvernig hafa verið sleppingar Landsvirkjunar eða annarra á urriðaseiðum í Þingvallavatn? Hvernig eru afdrif seiðanna metin og hverjar eru helstu niðurstöður matsins? Óskað er yfirlits yfir sleppingar seiða í vatnið og tilraunir til að koma upp stofni í suðurhluta þess.
6. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um afdrif seiða og fullvaxta urriða í jarðgöngum Steingrímsvirkjunar? Ef fylgst hefur verið með urriðaseiðum neðan ganga, hverjar eru niðurstöðurnar af þeirri vöktun?

Skriflegt svar óskast.